

Föstudaginn 16. september 1994.
 Nr. 367/1994. **Protabú Köfunarstöðvarinnar hf.**
 (Sigurmar K. Albertsson hrl.)
 gegn
Jónu Kristbjörnsdóttur
 (Guðjón Ármann Jónsson hdl.)

Kærumál. Frávísunarúrskurður staðfestur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómaramarnir Guðrún Erlendsdóttir og Garðar Gíslason og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 5. júlí 1994, sem barst réttinum 26. ágúst sl. Kæruheimild er í j-lið 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Sóknaraðili krefst þess, að hinum kærða frávísunarúrskurði verði hrundið og lagt verði fyrir héraðsdómara að taka málið til efnismeðferðar. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Málsatvikum er lýst í hinum kærða úrskurði. Svo sem þar er rakið, fundust bókhaldsgögn hins gjaldþrota félags utan dyra, eftir að á þau hafði rígt og snjóað. Af því hlutust þau vandkvæði, að erfiðleikum var bundið að sjá af þeim heillega mynd af rekstri félagsins. Á það verður fallist með héraðsdómara, að við svo búið var nauðsyn á gagngerri endurskoðun bókhaldsins og þá sérstaklega með hliðsjón af yfirlýsingum varnaraðila um tilhögun þess. Að þessu athuguðu verður hinn kærði úrskurður staðfestur með vísan til forsendna hans.

Sóknaraðili greiði varnaraðila kærumálskostnað, eins og í dómsorði greinir. Hefur þá ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Sóknaraðili, protabú Köfunarstöðvarinnar hf., greiði varnar-

aðila, Jónu Kristbjörnsdóttur, 30.000 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjaness 29. júní 1994.

Mál þetta var tekið til úrskurðar 9. þessa mánaðar um formhlið.

Stefnandi er protabú Köfunarstöðvarinnar hf., kt. 560872-0119, Lágmúla 7, Reykjavík. Stefnda er Jóna Kristbjörnsdóttir, kt. 030154-3049, Ásbúð 94, Garðabæ.

Dómkröfur stefndu í þessum þætti málsins, sem tekinn hefur verið til úrskurðar, eru þær, að málinu verði vísað frá dómi og stefnandi dæmdur til greiðslu málskostnaðar að mati réttarins ásamt virðisaukaskatti af málflyttingsþóknun.

Af hálfu stefnanda er þess krafist í þessum þætti málsins, að frávísunarkröfu stefndu verði hrundið og stefnda dæmd til að greiða stefnanda málskostnað að mati réttarins.

Í máli þessu krefur stefnandi stefndu um endurgreiðslu á 9.801.024 kr. auk vaxta, sem stefnandi telur stefndu hafa fengið greidda úr sjóðum hins gjaldþrota félags, Köfunarmiðstöðvarinnar hf., sem tekið hafi verið til skipta sem gjaldþrota 3. 12. 1992. Bókhald hins gjaldþrota félags hafi fundist í poka og kassa úti á svölum þess húsnæðis, sem var starfsstöð félagsins, þar hafi rignt og snjóað yfir það og illt að hafa úr gögnumum heillega mynd af rekstrinum. Samt sem áður hafi verið greinilegt af gögnum, að stefnda, sem annaðist bókhald félagsins og að einhverju leyti fjárreiður þess, hefði fengið úr sjóðum þess 2.487.935,33 kr. fyrir áramótin 1989/1990 og á árinu 1991 3.249.946 kr. Þá hafi fundist í bókhaldinu kvittanir og millifærslur á reikninga stefndu, að fjárhæð 4.063.143 kr. Samtals nemi þetta stefnufjárhæðinni. Fyrrum endurskoðandi félagsins hafi staðfest fyrri fjárhæðirnar tvær, kr. 2.487.935,33 og 3.249.946, en bókhald fyrir árið 1991 hafi ekki verið fært, en kvittanir tíndar út úr fylgiskjölum þess árs. Ekki sé ljóst, hvernig eða hvort stefnda aflaði heimilda eða samþykkis forráðamanna félagsins til þessara úttekta.

Í greinargerð stefndu er þess getið, að stefnda hafi allt til ársins 1992 starfað í umræddu félagi, sem hafi verið fjölskyldufyrirtæki föður hennar. Hún hafi m. a. haft með höndum bókhald félagsins. Það hafi verið tiltekin venja hjá félaginu, að faðir hennar og bróðir fengu fjármuni hjá henni til að standa straum af daglegum útgjöldum félagsins. Fjármunir þessir hafi verið bókaðir inn á viðskiptareikning hennar í stað biðreiknings. Við afstemmingu ársreikninga hafi skuld stefndu á viðskiptareikningi síðan verið jöfnuð með þeim fylgiskjölum, sem borist höfðu frá feðgunum, en þeim mismun, sem eftir stóð, síðan skipt til helminga á viðskiptareikninga feðg-

anna. Þessi aðgerð hafi síðast verið framkvæmd árið 1987. Skuld á viðskiptareikningi stefndu hafi myndast með sama hætti árin 1988, 1989 og 1990, og hafi hún numið 5.737.882,98 kr. í árslok 1990. Viðskiptareikningurinn hafi hins vegar ekki verið jafnaður með fyrrgreindum hætti fyrir þessi ár af ástæðum, sem raktar eru í greinargerð stefndu.

Tilvist þeirra úttekta og millifærslna, sem eru hluti kröfugerðar stefnanda, kveður stefnda mega rekja til þess, að félagið hafi átt í erfiðleikum með að fá bankafyrirgreiðslu á árinu 1991. Hún hafi þá tekið til þess bragðs að nota reikning sinn, nr. 20709 í Sparisjóði Hafnarfjarðar, sem reikning félagsins, og hafi greiðslur til félagsins verið lagðar þar inn og rekstrargjöld verið greidd út af þeim reikningi. Reikningurinn hafi ekki verið notaður til annars á meðan, og hann hafi ekki verið notaður, síðan starfsemi var hætt hjá félaginu.

Kröfu sína um frávísun málsins byggir stefnda á því, að lýsing stefnanda á málsástæðum og lagarökum sé svo fátækleg, að ekki sé hægt að sjá, á hvaða grunni málið sé reist. Þá telji stefnda, að fram lögð gögn, sem stefnandi byggir mál sitt á, séu ekki fullunnin og svo ófullkomin, að ekki sé hægt að reisa málhöfðunina á þeim einum. Stefnda telji því málið svo vanreifað af hálfu stefnanda, að vísa beri því frá dómi, enda sé henni ekki tækt án verulegs kostnaðar að verjast kröfum stefnanda. Verði frávísunarkrafan ekki tekin til greina, sé verið að velta sönnunarbyrðinni yfir á hana um grundvallaratriði málatilbúnaðar stefnanda.

Stefnandi byggir á bókhaldsgögnum, sem hafi ekki verið fullfrágengin, svo og stökum kvittunum úr bókhaldi ársins 1991, án þess að heildarviðskipti stefndu við félagið það ár hafi verið skoðuð. Stefnda telji því, að stefnanda hefði borið að fá skoðun löggilts endurskoðanda á bókhaldsgögnum félagsins, áður en málið var höfðað. Það hafi ekki verið gert, og beri því að vísa málinu frá dómi.

Kröfu sína um, að hrinda beri frávísunarkröfu stefndu, byggir stefnandi m. a. á þeim rökum, að fullkomlega eðlilegt hafi verið, að skiptastjóri bús, sem fái staðfestingu endurskoðanda félags á viðskiptaskuld stefndu og finni í bókhaldi kvittanir upp á margar milljónir yfir úttektir stefndu hjá félagi, þar sem ekki komi fram í gögnum, að um umsamdar úttektir hafi verið að ræða, höfði mál til að fá málið upplýst. Stefnda hafi kurteislega verið spurð um málsatvik í bréfi og henni síðan sent innheimtubréf, allt án offors, en hún hafi virt þau bréf að vettugi.

Þá verði að telja aðkomu að bókhaldinu á ábyrgð stefndu. Hún hafi verið skrifstofustjóri félagsins, og upp úr gjaldþroti þess hafi hún og eiginmaður hennar stofnað félagið Hafverk hf., sem tekið hafi við eignum og starfsstöð

félagsins. Það hafi því verið á ábyrgð stefndu o. fl., sem stefnda verði að bera hallann af, hvernig bókhaldsgögn félagsins voru útleikin, eftir að þau höfðu verið utan húss í regni og snjó.

Nú hafi komið í ljós, sbr. greinargerð stefndu, að stefnda hafi undir höndum um gögn varðandi bókhald hins gjaldþrota félags, sem stefnanda beri með réttu, án þess að stefnda hafi sýnt neitt frumkvæði að því að skila þeim gögnum. Stefnda hyggist hins vegar byggja varnir sínar á þeim gögnum. Þá er því mótmælt af hálfu stefnanda, að málsástæður hans og lagarök séu ekki nægilega skýr í stefnu. Til þess beri að líta, að málavaxtalýsingu í stefnu beri að skoða sem hluta málsástæðna stefnanda.

Niðurstaða.

Í máli þessu þykir ekki orka tvímælis, á hvaða málsástæðum og lagarökum stefnandi byggir dómkröfur sínar. Þær byggir hann á því, að samkvæmt tiltækum gögnum skuldi stefnda stefnanda hina umkröfðu fjárhæð. Mál þetta höfðar stefnandi því til heimtu skuldar.

Málinu verður því ekki vísað frá dómi á grundvelli þeirra raka stefndu, að lýsing málsástæðna og lagaraka í stefnu sé svo fátækleg, að ekki sé unnt að sjá, á hvaða grunni málið sé reist.

Í máli þessu sætir ekki ágreiningi, að á árunum 1988–1990 hafi myndast skuld á viðskiptareikningi stefndu hjá félaginu, sem í árslok 1990 hafi numið 5.737.882,98 kr.

Af hálfu stefndu er því á hinn bóginn haldið fram, að eftir hafi verið að jafna þessa bókfærðu skuld út með fylgiskjöllum frá föður hennar og bróður og með því að færa þá fjárhæð, sem þá stæði eftir, að jöfnu á viðskiptareikninga þeirra, eins og venja hafi staðið til og síðast hafi verið gert árið 1987, eins og áður er rakið.

Dómurinn telur hér vera um atriði að ræða, er varði efnisvarnir stefndu og snúi að efnishlið málsins, en ekki formhlið, og verði frávísun málsins ekki byggð á þessum ástæðum.

Í annan stað byggir stefnandi dómkröfur sínar á stökum fylgiskjöllum, sem tínd hafa verið út úr bókhaldsgögnum félagsins fyrir árið 1991 og eiga að sýna úttektir stefndu hjá félaginu og millifærslur á reikninga hennar, samtals að fjárhæð 4.063.143 kr.

Eins og áður er getið, var stefnda starfsmaður félagsins um árabíl og þáði laun og aðrar greiðslur frá félaginu. Hún hafði sérstakan viðskiptareikning hjá félaginu, þar sem fjárhagsleg staða hennar gagnvart félaginu kom fram hverju sinni.

Af hálfu stefnanda er þessi kröfuliður byggður á einstökum fylgiskjöllum

úr bókhaldi félagsins árið 1991, án þess að þess sé freistað að skoða þessar úttektir og millifærslur í samhengi við heildarviðskipti stefndu við félagið á þessu ári. Slíkt var þó nauðsynlegt með hliðsjón af fyrri viðskiptum stefndu við félagið. Verður því að telja brýna nauðsyn hafa verið á faglegri úrvinnslu bókhaldsfróðra aðila eins og löggiltra endurskoðenda á þeim bókhaldsgögnum, sem stefnanda voru tiltæk, til að varpa skýru ljósi á skuldastöðu stefndu gagnvart félaginu, áður en mál væri höfðað vegna þessa kröfuliðar.

Málið telst því svo vanreifað af hálfu stefnanda, að ekki verði úr bætt í rekstri málsins án verulegra réttarþyngsla fyrir stefndu varðandi varnir hennar. Slík gagnaúrvinnsla í rekstri máls væri og í andstöðu við reglur almenns réttarfars um skýran málflutning. Þegar til þess er litið, að skoða verður stöðu stefndu gagnvart félaginu heildstætt, verður ekki hjá því komist að vísa málinu frá dómi í heild, en ekki einvörðungu þessum síðasttalda kröfulið.

Samkvæmt framansögðu er niðurstaða dómsins því sú, að vísa beri máli þessu frá dómi.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefnanda til að greiða stefndu málskostnað, og þykir hann hæfilega ákveðinn 45.000 kr., þ. m. t. virðisaukaskattur.

Finnbogi H. Alexandersson héraðsdómari kveður upp úrskurðinn.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Stefnandi, þrotabú Köfunarstöðvarinnar hf., greiði stefndu, Jónu Kristbjörnsdóttur, 45.000 kr. í málskostnað, þ. m. t. virðisaukaskattur.
